



SFÚ fréttir

Frá formanni: Samkeppnismálin eru í brennidepli



Aðalmál okkar í SFÚ á þessu starfsári hafa verið markaðs- og samkeppnismál.

Á vordögum ákvað stjórn SFÚ að fara til fundar við stærstu fiskmarkaði til að fara yfir þau vandamál sem kaupendur hafa verið að glíma við; vigt, stærðir og frágang.

Hjá FMS áttum við fund með Ragnari H. Kristjánssyni og voru

flestir stjórnarmenn SFÚ mættir. Ragnar tók vel á móti okkur og skýrði vel frá starfsemi FMS. Fundurinn var fjörugur.

Einnig var farið til Ólafsvíkur og fundað með Páli Ingólfssyni í FMÍ. Sá fundur var líka fjörugur og ýmislegt rætt.

Í framhaldi af þessum fundum var ákveðið að senda RSF bréf þar sem við lýstum óánægju

Ítrekað selt í rangri stærð

Of oft kemur það fyrir að vara, sem keypt er á fiskmörkuðum, reynist gölluð við afhendingu.

Afgreiðsla fiskmarkaða á kvörtunum er því miður ekki alltaf nógu skilvirk þegar þetta gerist. Borið hefur á því að uppgæfnar stærðir reynast rangar - nokkuð sem veldur kaupendum miklu tjóni þar sem þeir kaupa gjarnan upp í pantanir sinna viðskiptavina.

Því miður er það svo að gjarnan eru það sömu skipin og bátarnir, sem ítrekað verða uppvís að því að gefa upp ranga stærðarflokka.

Þrátt fyrir kvartanir kaupenda hafa fiskmarkaðir ekki tekið á þessu máli og allt of oft kemur það fyrir að fiskur, sem skilað er vegna vitlausrar stærðarflokkunar, er seldur aftur á markaði daginn eftir og skráður í sama ranga stærðarflokkinn.

Þetta er óboðlegt.

Framhald á bls. 3

SKÍTUGAR UMBÚÐIR

Íslenskur fiskur er rómaður fyrir ferskleika og gæði. Fiskur er viðkvæm vara, sem mikilvægt er að meðhöndla af varkárni og virðingu allt frá því hann er dreginn úr sjó þar til hann kemst í hendur neytanda, hvort sem það er hér á



landi eða í útlöndum. Þess vegna er það grafalvarlegt þegar sjávarfang er afhent til kaupanda í skítugum umbúðum sem ekki eru hæfar undir mannafóður. Fiskmarkaðir hafa ekki verið nægilega fúsir til að tryggja að seljendur viti af kvörtunum kaupenda.

VILHJÁL MUR BIRGISSON - FRAMHALD AF BAKSÍÐU



innri viðskiptum samþættra útgerða yrði líkara því verði sem annars myndi gilda í sambærilegum viðskiptum á milli tveggja ótengdra aðila.“

Takið eftir þessum orðum, þarna segir Samkeppniseftirlitið að ef útgerðarmenn kæmu ekki að ákvörðun viðmiðunarverðsins þá yrði fiskverðið til sjómanna líklega hærra. Ég spyr mig, er þetta ekki brot á samkeppnislögum? Og hví gerir Samkeppniseftirlitið ekkert í því að fylgja þessum ábendingum sínum eftir? Hér eru gríðarlegir hagsmunir í húfi fyrir þjóðarbúið allt.

Já, eins og áður sagði þá er gremja sjómanna vítt og breitt gríðarleg vegna þess mikla munar sem er á milli verðs Verðlagsstofu skiptaverðs og þess verðs sem fæst með sölu í gegnum fiskmarkaði, eðlilega. Eins og fram kom í skýrslunni frá KPMG eru gríðarlegir hagsmunir í húfi fyrir

sjómenn og getur sú upphæð numið allt að 7 milljörðum króna á ársgrundvelli.

Einhverra hluta vegna hafa útgerðarmenn komist upp með það að nota eingöngu verð Verðlagsstofu varðandi uppgjör til sjómanna þrátt fyrir að það sé einungis viðmiðunarverð og lágmarksverð.

Ég vil benda sjómönnum á að skýrt er kveðið á um í kjarasamningum að útgerðarmaður og áhöfn skuli gera sín á milli samning um fiskverð þegar útgerð selur afla til eigin vinnslu. Það er að segja, í viðskiptum milli skyldra aðila. Og ég bið sjómenn um að taka sérstaklega eftir þessu: „Til að slíkur samningur öðlist gildi skal hann staðfestur í leyningri atkvæðagreiðslu áhafnar og að því loknu undirritaður af fulltrúum áhafnar og útgerðar. Samningurinn skal vera í stöðluðu formi þar sem fram komi meðal annars verð einstakra fisktegunda, gildistími, uppsagnarákvæði og svo framvegis“.

Ég spyr ykkur sjómenn: hafið við gert slíka samninga um fiskverð eða er það eins og maður heyrir að útgeðamaðurinn ákveður einhliða að Verðlagstofuverðið skuli gilda!

Takið enn og aftur eftir sjómenn, þið hafið rétt til þess að semja við ykkar útgerð um fiskverð og sjómenn eiga alls ekki að láta útgerðarmenn komast upp með að nota viðmiðunarverðið frá Verðlagsstofu skiptaverðs sem er lágmarksverð eins og margoft hefur komið fram. Leitið til ykkar stéttarfélags, tókum höndum saman og látum ekki allan arðinn renna óskiptan til útgerðarmanna eins og nú er. Sjómenn, fiskvinnslufólk og þjóðin öll vill fá hlutdeild í þessum mikla arði sem auðlindir hafsins eru að skila okkur.

VERÐMÆTI SKÖPUÐ MEÐ BROS Á VÖR



UM SFÚ

Samtök fiskframleiðenda og útflytjenda – SFÚ voru stofnuð 1994 en hétu í upphafi Samtök fiskvinnslu án útgerðar. Félagar í SFÚ eru stærstu samtök landsins í fiskvinnslu sem kaupa hráefni sitt í umhverfi frjálstrar verðmyndunar.

UPPLÝSINGAR

Vefsíða: www.sfu.is

Netföng: sfu@sfu.is

olafur@sfu.is

Facebook: www.facebook.com/sfu.is

Sími Ólafs Arnarsonar: 615-4763

Ritstjóri og ábyrgðarmaður: Ólafur Arnarson

FRÁ FORMANNI - FRAMHALD AF FORSÍÐU

með starfslýsingu fiskmarkaða eins og hún er kynnt inni á vef RSF, sem SFÚ telur engan veginn í samræmi við reglugerð um fiskmarkaði. Okkur barst ekki svar við þessu bréfi og þegar við ítrekuðum óskir okkar um úrbætur var því erindi hafnað. Við óskuðum skýringa og bíðum þeirra nú. Björg Ásta Þórðardóttir hjá FA hefur aðstoðað okkur með þessu bréfi.

Við viljum hafa vinnubrögðin skýr hvað varðar stærð vigt og afhendingu afurða, einnig hefur borið á mjög óhreinum umbúðum sem ekki eru matvælum boðleg.

Í ágúst fór Ólafur Arnarson ásamt nokkrum stjórnarmönnum á fund Ráðherra. Á þeim fundi lýstum við áhyggjum okkar og vandræðum vegna þess hve hráefnisöryggi er ótryggt í gegnum íslenska fiskmarkaði við núverandi regluumhverfi. Við lýstum þeim vonum okkar við ráðherra að allt regluverkið um stjórn fiskmarkaða verði endurskoðað. Ráðherra tjáði okkur að slík endurskoðun væri framundan nú í vetur og við buðum fram okkar krafta í það starf.

Fyrirtæki innan SFÚ eru lang stærstu kaupendur á íslenskum fiskmörkuðum og mikilvægt er að við stöndum þétt saman um okkar hagsmunamál og gefum þar ekki eftir. Á síðasta ári fengum við KPMG til að gera skýrslu um verðmyndun sjávarfangs og það tekjutap sem sveitarstjórnir og hafnir verða fyrir vegna tvöfaldrar verðmyndunar í greininni. Skýrsla þessi var kynnt á

síðasta aðalfundi og vakti mikla athygli rétt eins og fyrri skýrsla, sem gerð var 2000. Báðar skýrslurnar sýna glögglega fram á hversu mikil samkeppnismismunur ríkir í sjávarútvegi af völdum tvöfaldrar verðmyndunar.



Eignahald fiskmarkaða er mikið áhyggjuefni sem og verðlagning þjónustu þeirra

Við munum beita okkur fyrir nýrri vigtareglugerð sem jafnar samkeppnisstöðu aðila og verulegri lagfæringu á lögum um fiskmarkaði. Það er til mikils að vinna fyrir okkur að knýja fram jafnari samkeppnisaðstöðu í sjávarútvegi.

Að lokum vil ég þakka stjórn og varastjórn, Björgu hjá FA og Ólafi fyrir gott starf.

Jón Steinn Elíasson
Formaður SFÚ

RÁÐHERRA ÁVARPAR AÐALFUND SFÚ

Sigurður Ingi Jóhannsson, sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra mun flytja ávarp á aðalfundi SFÚ, sem haldinn verður á Hótel Borg, miðvikudaginn 6. nóvember 2013 kl. 16-18.

SFÚ átti góðan fund með ráðherra í sumar, þar sem honum voru kynnt helstu áherslumál samtakanna. Hann boðaði



viðtækt samráð við endurskoðun laga um stjórn fiskveiða nú í vetur.

Ekki var annað að heyra á ráðherra og hans fólki í ráðuneytinu en að verið væri að skoða stöðu samkeppnismála í sjávarútvegi af fullri alvöru.

Við hlökkum til að heyra boðskap ráðherra á aðalfundinum.



RÁÐHERRA SKOÐAR TILMÆLI SAMKEPPNISEFTIRLITSINS

Á fundinum með Sigurði Inga Jóhannssyni, sjávarútvegsráðherra, í ágúst vöktu fulltrúar SFÚ athygli ráðherra á því að í álitinu sínu í máli nr. 2/2012 beinir Samkeppniseftirlitið þeim tilmælum til ráðherra að hann grípi til að gerða til að jafna samkeppnisstöðu í sjávarútvegi m.a. vegna lóðréttar samþættingar útgerðar og vinnslu.

VILHJÁLMUR BIRGISSON:
ER VIÐMIÐUNARVERÐ
VERÐLAGSSTOFU SKIPTA-
VERÐS AÐ HAFA AF
ÞJÓÐARBÚINU 7 MILL-
JARÐA Á ÁRI?



Sjómenn vítt og breitt um landið hafa um allanga hríð verið afar ósáttir við það viðmiðunarfiskverð sem Verðlagsstofa skiptaverðs ákvarðar, enda er það verð ætíð langt undir því verði sem fæst þegar fiskur er seldur í opnum viðskiptum í gegnum fiskmarkaði.

Það er morgunljóst að hér er um gríðarlega hagsmuni að ræða fyrir þá sjómenn sem eru látnir taka laun sín eftir því lágmarksverði sem Verðlagsstofa skiptaverðs ákveður. Enda hafa útgerðir í auknu mæli hætt að landa afla á fiskmarkaði og tekið aflann beint inni vinnsluna hjá sér og greitt sjómönnum viðmiðunarverðið frá Verðlagsstofu, en ekki markaðsverð og hér munar gríðarlegum upphæðum.

Þetta þýðir að sjómenn verða af miklum tekjum, sveitarfélögin verða af útsvari, ríkissjóður af tekjuskatti og hafnarsjóðir sveitarfélaganna af hafnargjöldum, því aflaverðmætið verður mun minna en ef allur fiskur myndi taka mið af markaðsverði. Þeir einu sem græða eru útgerðamennirnir!

Skoðum hvað áætlað er að sjómenn, ríkissjóður, sveitarfélögin og hafnarsjóðir eru að verða af miklum fjármunum vegna þess að útgerðir komast upp með að greiða eftir lágmarksverði Verðlagsstofu skiptaverðs. Samkvæmt skýrslu sem KPMG gerði fyrir Samtök fiskframleiðenda í fyrra þá kemur fram að ef útgerðamenn hefðu látið markaðsverð á fiskmörkuðum gilda, þá

hefði aflaverðmætið hækkað um 18 milljarða.

Það hefði þýtt að tekjur þeirra sjómanna sem taka laun eftir Verðlagsstofuverðinu hefðu verið 7 milljörðum hærrí, takið eftir: 7 milljörðum. Sveitarfélögin hefðu fengið 1 milljarð í auknar útsvarstekjur, ríkissjóður hefði fengið tæpa 2 milljarða í aukinn tekjuskatt og hafnarsjóðir hefðu fengið 350 milljónir í auknar tekjur vegna herra aflaverðmætis.

En hvernig er þetta viðmiðunarverð sem Verðlagsstofa skiptaverðs styðst við fundið út? Jú, það er nefnd sem ákvarðar þetta verð, en úrskurðarnefndin starfar eftir lögum um Verðlagsstofu skiptaverðs og úrskurðarnefnd sjómanna og útvegsmanna frá árinu 1998. Í úrskurðarnefndinni sem tekur ákvörðun um þetta fiskverð sitja hagsmunaaðilar útgerðarmanna og sjómanna en í nefndinni eiga sæti fulltrúar frá Landssambandi útvegsmanna og Landssambandi smábátasjómanna ásamt fulltrúum frá Sjómannasamtökunum.

Brot á samkeppnislögum?

Þetta fyrirkomulag er vart hægt að telja eðlilegt, enda hefur samkeppniseftirlitið gert athugasemdir við þetta fyrirkomulag í áltí sem kom út árið 2012. Þar kom meðal annars fram orðrött:

„Í þriðja lagi vill samkeppniseftirlitið benda ráðherra á að það fyrirkomulag laga um Verðlagsstofu skiptaverðs, sem fjallað var um hér að framan, að hagsmunasamtök útvegsmanna sem eru keppinautar, ræði um og ákveði verð sem síðan er notast við í innri viðskiptum útgerða er óheppilegt í samkeppnislegu tilliti.“ Einnig kom eftirfarandi fram í álitinu „Til að koma í veg fyrir þær samkeppnishömlur sem af þessu fyrirkomulagi leiða væri eðlilegast að útvegsmenn kæmu ekki með beinum hætti að ákvörðun þessa verðs (Verðlagsstofuverðs). Möguleg lausn væri að efla starfsemi skiptaverðs og gefa stofnuninni heimildir til ákvarða viðmiðunarverð í beinum viðskiptum með fisk.“ Svo segir einnig í þessu áltí: „Slík breyting eða önnur sambærileg leið myndi líklega hafa að í för með sér að verð í

Framhald á bls. 2

Dagskrá

1. nóvember 2013

Árshátið SFÚ
Sjómínjasafninu í Víkinni
Grandagarði 8
Kl. 19:00

6. nóvember 2013

Aðalfundur SFÚ
Hótel Borg
Kl. 16:00-18:00



Höfundar efnis:

JÓN STEINN ELÍASSON



Formaður SFÚ og forstjóri fiskvinnslu- og útflutnings- fyrirtækisins Toppfisks.

ÓLAFUR ARNARSON



Starfsmaður SFÚ og ritstjóri vefmiðilsins Tímarím (timarim.is).

VILHJÁLMUR BIRGISSON



Formaður Verkalýðsfélags Akraness skrifaði öflugra grein á Pressuna um það óréttlæti gagnvart sjómönnum sem felst í skiptaverði verðlagsstofu. Við fengum leyfi hans til að birta hana.